

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 15. maí 2017

Tilvísun: 2017040620BS/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 10. apríl 2017 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála (374. mál á 146. löggjafarþingi, þskj. 503). Í frumvarpinu, sbr. 1. gr. þess, er lögð til sú viðbót við 1. mgr. 148. gr. laganna að rafræn undirritun sakbornings teljist fullgild undirritun því til staðfestingar að gengist sé við broti, sem og að skýrslu þar að lútandi með slíkri rafrænni undirritun megi afhenda með rafrænum hætti. Þá segir í sömu frumvarpsgrein að ráðherra geti sett reglugerð um umræddar undirritanir og afhendingu þeirra.

Samkvæmt almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu er framangreindu ætlað að að einfalda framkvæmd þannig að vinnuferli við slíkar skýrslur og áður greinir geti alfarið verið rafrænt, en í því felist að notast verði við spjaldtölvur til afgreiðslu mála á vettvangi í stað þar til gerðra eyðublaða. Segir að með þessu verði meðal annars girt fyrir hættuna á misritun við yfirfærslu texta af slíkum eyðublöðum yfir á tölvu á lögreglustöð. Þá segir í athugasemdum greinargerðar við 1. gr. frumvarpsins að gert sé ráð fyrir að sakborningi verði afhent skýrsla vegna þeirra brota sem hér um ræðir á rafrænan hátt, þ.e. með tölvupósti, rafrænu skjali í heimabanka eða öðrum sambærilegum, tryggum og sannanlegum hætti.

Persónuvernd gerir þá athugasemd að í 1. gr. frumvarpsins, þar sem ræðir um afhendingu skýrslu, kemur ekki fram hver viðtakandinn eigi að vera. Eins og fyrr greinir verður það ráðið af frumvarpsgreinargerð að sakborningurinn sé viðtakandinn. Eðlilegt væri að það kæmi fram í texta ákvæðisins sjálfis og leggur því Persónuvernd til að á eftir orðunum „að afhenda hana“ í 2. málsf. tillögu þess standi „sakborningi“.

Að auki skal bent á að því getur fylgt sérstök öryggisáhætta ef umræddar skýrslur eru sendar rafrænt, en til dæmis gætu orðið þau mistök við sendingu í tölvupósti að ritað væri rangt netfang. Er ljóst að móta þarf verklag vegna þessa og er eðlilegt að texti umrædds ákvæðis endurspegli það. Þá má telja eðlilegt að ekki aðeins verði um að ræða heimild til setningar reglugerðar um umræddar skýrslur og afhendingu þeirra heldur að slík reglugerð skuli sett. Leggur því Persónuvernd til að 3. másl. 1. gr. frumvarpsins hljóði svo: „Ráðherra skal kveða nánar á um framkvæmd rafrænnar undirritunar og afhendingar skýrslu í reglugerð.“

Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson



Vigdís Eva Línal